

MODEL EI205 Skynjari fyrir kolsýring (Carbon Monoxide) með minni (rafhlöður fylgja). Lesið og varðveitið leiðbeiningarnar svo lengi sem skynjarinn er í notkun. Þær innihalda nauðsynlegar upplýsingar varðandi notkun og uppsetningu. Leiðbeiningarnar ætti að líta á sem hluta af skynjaranum. **Nauðsynlegt er að allir íbúar kynni sér virkni skynjarans.**

LESIÐ ÞETTA FYRST

- * Setið 3 AA rafhlöður í skynjarann með því að renna upp efri helming hulstursins Grænt, rautt og gult ljós leiftra í röð sem sýnir að allt virkar sem vera ber.
- * Setjið skynjarann í eða nálægt herbergjum sem eru með tæki sem brenna gasi eða öðru eldsneyti, sérstaklega þó í herbergi þar sem miklum tíma er eytt, s.s. svefnherbergi, eldhús, stofu.
- * Best er að setja skynjarann í loft (1-3 m. lárétt frá tækinu og 300mm frá vegg) í þeim herbergjum sem þessi tæki eru í. Í herbergjum fjarri því sem tækið er í skal staðsetja hann ca. 1.5 – 2 m. fyrir ofan gólfplöt (öndunarhæð).
- * Athugið reglulega hvort græna ljósið blikki á 50 sek. fresti. Ef skynjarinn fer að væla þegar græna ljósið blikkar er það merki um að skipta þurfi um rafhlöður.
- * Prófið skynjarann vikulega með því að ýta á Test/Hush hnappinn. Heyrist þá hljóð og græna ljósið blikkar.

? Hvað gera skal þegar skynjarinn gefur frá sér hljóðmerki:

1. Opnið hurðir og glugga til loftræstingar.
2. Slökkvið á brennslutækinu ef mögulegt er og hættið notkun. (Hægt er að slökkva á skynjaranum með því að ýta á Test/Hush hnappinn ef magn er undir 150ppm CO)
3. Yfirgefið svæðið og skiljið hurðir og glugga eftir opna.
4. Farið ekki inn í húsnæðið fyrr en skynjarinn þagnar. (Ef slökkt hefur verið á honum með Test/Hush hnappnum bíðið í 5 mínútur svo hann geti skynjað hvort öllu sé óhætt).
5. Ef einhver þjáist af kolsýringseitrun, (höfuðverk, flökurleika) skal leita ráða hjá lækni og útskýra að grunur leiki á eitrun.
6. Ekki skal nota tækið aftur nema það hafi verið yfirfarið.

Þegar CO skynjarinn nemur óvanalegt magn af kolsýringi (yfir 150ppm CO í 30 mín) gefur hann frá sér hljóð og rautt ljós blikkar. Ef meira magn leysist úr læðingi kemur viðvörðun fyrir.

Skynjarinn endurstillir sig sjálfkrafa nokkrum mínútum eftir að kolsýringurinn hverfur. Með því að ýta á Test/Hush hnappinn endurstillist skynjarinn strax ef hann hefur numið 150ppm CO.

(Ekki er hægt að þagga niður í honum ef magnið er u.þ.b. 350 ppm CO vegna aukinnar hættu).

Ef kolsýringur er enn til staðar mun hljóðið og rauða ljósið koma aftur eftir 5 mín.

Viðvörðun: CO skynjarinn er ekki staðgengill þess að halda ekki reyk háfum hreinum eða hafa

eldsneytisvökva hreina og tæra og sjá til þess að brennsutæki séu yfirfarin reglulega skv. framleiðenda tækjanna.

Mikið magn af CO á heimili getur orsakast af:

- Ranglega eða illa uppsettum tækjum.
- Reykháfi sem er annaðhvort stíflaður eða sprunginn.
- Stífluðum lofttúðum eða mjög þéttum húsum þar sem loftþétting er algjör.
- Bílum, sláttuvélum o.s.frv. sem skilin eru eftir í gangi í lokuðu rými.
- Steinolíu- eða gashiturum í illa loftræstum herbergjum.

Einkenni CO eitrunar

Eftirfarandi einkenni er hægt að rekja til CO eitrunar og ætti að ræða þau við alla fjölskyldumeðlimi.

Lítill áhrif:

Smá höfuðverkur, flökurleiki, uppköst, slen (oft lýst sem flensueinkennum)

Meðal áhrif:

Slánadi höfuðverkur, syfja og deyfð, fát, hjartsláttur.

Mikil áhrif:

Meðvitundarleysi, krampaköst, hjartatruflanir, dauði.

Þegar skynjarinn nemur CO, gefur hann frá sér hljóðmerki og rauða ljósið blikkar. Taflan sýnir hvernig örgjafinn les mismunandi stig af CO gasi og tímann. Við hærra stig fer hljóðmerkið fyrr í gang. Hraði á blikki ljóssins eykst einnig við hærri stig.

CO magn ppm □ (max)	Hljóðmerki og rautt ljós innan:	Rautt blikkljós	Tímasetning fyrstu einkenna
0	-	off	-
150	30 mín	2 sek. bili	90 mín
350	6 mín	½ sek. bili	30 mín

Ef skynjarinn fer í gang, farið eftir leiðbeiningum á bls. 1, Hvað gera skal þegar skynjarinn gefur frá sér merki. Þegar búið er að loftræsta með því að opna hurðir og glugga mun eiturloftið eflaust vera uppurið þegar aðstoð berst og hljóðmerki hefur hætt. Jafnvel þótt vandamálið sé ekki lengur til staðar er mjög áriðandi að komast að upphaflegri bilun og láta lagfæra strax.

Aldrei hunsa hljóðmerki.

ATH. Hljóðmerki heyrir ef sígarettureyk er blásið í tækið eða úðabrúsi notaður nálægt tækinu.

Minni CO Skynjara

Þegar þrýst er á Test/Hush hnappinn gefur hann frá sér hljóðmerki og ljósin blikka þannig:

- **Grænt blikkandi ljós** ef ekki hefur fundist CO gas síðan kveikt var á honum eða hann endurstilltur.
- **Rautt hægt blikkandi ljós** (á 2 sek.fresti) ef u.þ.b. 150ppm af CO gasi hafa fundist síðan kveikt var á honum
- **Rautt hratt blikkandi ljós** (á ½ sek.fresti) ef u.þ.b. 350ppm hafa fundist síðan kveikt var á honum.

Þetta segir þér hvort skynjarinn hefur numið CO gas í fjarveru þinni og hjálpar til að finna og staðsetja leka.

Endurstilling minnis með því að halda niðri Test/Hush hnappinum í u.þ.b. 20 sek. þar til græna ljósið blikkar (í stað þess rauða). Þaggið niður hljóðið með því að setja klút yfir þann hluta skynjarans sem hljóðið kemur frá. **Ath.: Minnið endurstillist þegar rafhlöður eru fjarlægðar.**

CO Skynjari – prófun og umhirða

Hnappaprófun.

Mælt er með að þú prófir CO skynjarann eftir uppsetningu og síðan einu sinni í viku til að ganga úr skugga um að hann virki sem skyldi. Það hjálpar einnig þér og fjölskyldunni að venjast hljóðinu sem hann gefur frá sér.

Þrýstið á og haldið prófunarhnappnum þar til hljóðið heyrir (það gæti tekið allt að 5 sek.) og síðan mun græna ljósið blikka. Hljóðið hættir fljótlega eftir að hnappinum er sleppt. Ef upp koma vandamál farið þá eftir listanum hér að neðan.

Grænt gaumljós

Athugið reglulega að græna ljósið blikki á mínútu fresti. Skynjarinn getur ekki unnið án þess að rafhlöður séu í góðu ástandi.

Hleðslu gaumljós

Ef skynjarinn vælir og græna ljósið blikkar samtímis á mínútu fresti gefur það til kynna að rafhlöðurnar séu að tæmast og skipta þurfi um þær. Notið eingöngu eftirfarandi AA rafhlöður, Panasonic LR6, GP 15A, Ever Ready LR6, Energiser E91 eða Duracell MN1500. Opnið rafhlöðuhólfið. Setjið rafhlöðurnar í og sjáið til þess að þær snúi rétt. Prófið þær með Test/Hush hnappinum. Setjið rafhlöðuhólfið á sinn stað aftur.

Gul bilana gaumljós.

Ef skynjarinn vælir og gula ljósið blikkar samtímis gefur það til kynna að eitthvað sé að. Fylgið eftirfarandi gátlista til að athuga hvor um raunverulega bilun sé að ræða.

Gátlisti v/bilana

Athugið hvort 3 rafhlöður séu á sínum stað og snúi rétt.

Fjarlægjið eina rafhlöðu í mínútu til að endurstilla kerfið.

Ef bilun varir ennþá, skiptið um rafhlöður.

Ef ofangreint lagar ekki vandamálið er skynjarinn greinilega bilaður og þarf að endurnýja hann

Prófun með Carbon Monoxide

Með því að þrýsta á Test/Hush hnappinn þá prófar skynjarinn CO magn fjórðu hverja sekúndu í þrjár mínútur. Þetta minnkar venjulegan tíma sem bíða þarf, eða allt að 30 mín. fyrir 150ppm CO og 6 mín.fyrir 350 ppm CO. Ef nauðsyn krefur er hægt að prófa skynjarann með Carbon Monoxide, á eftirfarandi hátt:

Carbon Monoxide skapast af sígarettuglöd og reykelsi. Fjarlægjið skynjarann og setjið hann í stórt lokað málmilát (t.d. stóran pott m/loki). Setjið sígarettuna eða reykelsið í pottinn. Þrýstið á Test/Hush hnappinn og nú á skynjarinn að athuga CO magn fjórðu hverja sekúndu. Setjið lokið á. Skynjarinn ætti nú að nema kolsýringinn innan 60 sek. og gefa frá sér 3 há hljóðmerki. Síðan endurstillir hann sig. Ef engin viðbrögð verða þá skal endurtaka þetta og ganga úr skugga um að glæður frá sígarettu eða reykelsi séu nægilegar.

Hvernig þekkja skal mun á viðvörun frá CO skynjara og reykskynjara.

CO skynjarinn gefur frá sér 3 púlshljóð og síðan kemur þögn o.s.frv. þar sem hin venjulegi skynjari gefur frá sér örara púlshljóð.

Að auki blikkar rauða gaumljósið á CO skynjaranum.

Það að prófa CO skynjarann og reykskynjarann vikulega mun hjálpa þér og fjölskyldu þinni til að þekkja mismun hljóða frá CO skynjara og reykskynjara.

Viðhald CO skynjarans

Hreinsið hylkið að utanverðu með því að strjúka rökum kút yfir það. **Ekki** nota hreinsiefni af neinu tagi. Varist að úða úr úðabrusa, s.s. hárlakk, málningu, frískandi lykt eða slíku. Notið mjórri endann á ryksugustút til að ryksuga kusk o.þ.h. sem sest hefur í raufarnar svo CO hafi greiða leið að nema skynjarans.

Varúð: Ekki skal mála skynjarann.

Fjarlægjið skynjarann þegar er verið að standsetja. Ekki láta vatn og ryk órhreinka nemann.

Takmörk CO skynjara

- (1) CO skynjarinn vinnur ekki nema með góðum rafhlöðum – græna gaumljósið verður að blikka á hverri mínútu. Með tómmum rafhlöðum veitir skynjarinn enga vernd. Prófið skynjarann eftir langt frí eða langa fjarveru.
- (2) CO verður að komast inn í skynjarann til þess að hann geti numið gasið. Það gæti verið Carbon Monoxide annars staðar í vistarverunum (t.d. niðri, í lokuðu herbergi o.s.frv.) en ekki nálægt skynjaranum. Hurðir, gegnumtrekkur og annars konar fyrirstaða getur hindrað það að CO komist að skynjaranum. Af þessum ástæðum mælum við með að CO skynjari sé settur upp bæði nálægt og í svefnherbergjum, sérstaklega þeim sem lokuð eru á næturnar. Að auki í þau herbergi sem fjölskyldan eyðir miklum tíma í og í herbergi þar sem tæki eru sem brenna eldsneyti.
- (3) Það gæti verið að enginn heyrði í CO skynjaranum. Hljóðið er hátt, en það heyrir e.t.v. ekki í gegnum lokaða hurð eða of langt í burtu. Einnig gæti það gerst að sá sem er undir áhrifum víns eða annarra vímuefna heyrði ekki viðvörunarhljóðið. Einnig gæti viðvörunarhljóðið skerst vegna hljómf lutningstækja, sjónvarps, umferðar o.þ.h. Með því að setja skynjara sitt hvoru megin við lokaða hurð eykur líkurnar á því að fólk heyrir viðvörunarhljóðið. CO skynjari er ekki hannaður fyrir heyrardaufft fólk.
- (4) Skynjarinn dugur ekki endalaust. Þeir eru útbúnir úr háþrúðum rafeindahlutum í mörgum pörtum. Þrátt fyrir að skynjarinn og íhlutir hans hafa farið í gegnum strangar og miklar prófanir og eru álitnir mjög áreiðanlegir þá getur það átt sér stað að einhver hlutur bili. Þess vegna er ráðlegt að prófa skynjarann einu sinni í viku.
- (5) Þörf er á að skipta um skynjara eftir 5 ár. Athugið dagsetninguna utan á tækinu.
- (6) Skynjarar koma ekki í stað trygginga. Húseigendur eru ábyrgir gagnvart sinni eigin tryggingu. CO skynjarinn varar fólk við auknu magni af CO en getur ekki verndað alla frá því að fá CO eitrun
- (7) CO Skynjarar henta ekki sem snemmbúin reykviðvörun. Eldar geta skapað Carbon Monoxide en viðbrögð CO skynjara eru slík að þau gefa ekki næga viðvörun vegna eldsvoða. Reykskynjarar eru tæki sem útbúin eru sem slík.
- (8) CO skynjarinn nemur ekki náttúrulegt gas (methane) eða innibyrgt gas (flöskugas) (propan, butan) eða aðrar gerðir af eldfimu gasi. Til slíkra nota eru skynjarar fyrir eldfimt gas.

- (9) **Viðvörðun:** Tæki skv. BS 7860:1996 getur ekki varið fólk sem eru í sérstakri áhættu vegna Carbon Monoxide eitrunar, s.s. vegna aldurs, vanfærni eða öðrum læknisfræðilegum kvillum. Ef vafi er fyrir hendi hafið samband við lækni. Carbon Monoxide skynjari kemur ekki í stað venjulegs reykskynjara eða skynjara fyrir eldfimt gas.

Tæknilegar upplýsingar

Orka Þrjár Alkaline AA rafhlöður (fylgja með)

Nemi Elektrónískur efna nemi fyrir Carbon Monoxide.

Viðvörðun 85dB(A) í 3m.
Rautt ljós blikkar (á 2 sek.millibili) þegar CO magn er 150ppm en blikkar hraðar (hverja ½ sek) við magn í 350ppm.

Test/Hush hnappur Prófun: **Prófar rafeindartæki og hljóð.**
Þögn: Þegar skynjarinn nemur 150ppm er hægt að þagga niður í honum með því að ýta á hnappinn og þagnar hann þá í u.m.b. 5 mín. Aðeins er hægt að þagga niður í skynjaranum einu sinni. Ef hann nemur 350ppm er ekki hægt að þagga niður í honum.

Minni Co skynjarans: Með því að þrýsta á Test/Hush hnappinn sést hvort hann hefur skynjað CO eftir endurstillingu, eða eftirfarandi:

1. Hljóð og grænt blikksljós – hefur ekki skynjað CO.
2. Hljóð og rautt blikksljós aðra hverja sekúndu. Hefur skynjað 150ppm CO.
3. Hljóð og rautt blikksljós hverja ½ sek. Hefur skynjað 350ppm CO.

Sjálfsprófun: Gult ljós blikkar samtímis og hljóð heyrst á mínútu fresti ef eitthvað er að.

**Vinnu-
hitastig:** -5°C til 40°C (23°F til 104°F)

Rakastig: 15% til 95% R.H.

Upphitunartími: 70 sekúndur.

Ræsingarröð: Þegar kveikt er á honum blikka grænt, rautt og gult ljós – eftir 20 sek. blikkar græna ljósið á 4 sek. fresti. Þegar upphitun er lokið blikkar rauða ljósið einu sinni.

Prófun CO Með því að ýta á Test/Hush hnappinn leitar skynjarinn að CO fjórðu hverja sekúndu í 3 mín. Ef CO finnst pípir hann þrisvar og endurstillir sig.

Stærð: 135 x 105 x 71mm. Þyngd 260 g.

